

35

16. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja
Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarhreppi þjóðjörðina Hafnarnes. Land það og lóðir, sem Hafnarhreppur kaupir samkvæmt lögum þessum, er honum heimilt að leigja, en óheimilt að selja öðrum en ríkinu.

Hreppnum skal skylt að afsala ríkinu með kaupverði hluta af landi því eða lóðum, er hann eignast samkvæmt lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 16. maí 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

36

17. maí

B R É F

HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um þinglausnir.

HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Stefáni Jóh. Stefánssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 68. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.